




norden

Norræn framkvæmdaáætlun í umhverfismálum 2013–2018





SKIPURIT



AU	Vinnuhópur embættismannanefndar um umhverfismál
EK-M	Embættismannanefndin um umhverfismál
HAV	Vinnuhópur um málefni hafsins
HKP	Vinnuhópur um sjálfbæra neyslu og framleiðslu
KoL	Vinnuhópur um loftslagsmál
MEG	Vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál
MR-M	Norræna ráðherranefndin um umhverfismál
NAG	Norræni úrgangshópurinn
NEFCO	Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið
NKG	Norræni efnahópurinn
NMRS	Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar
NOAK	Norræni vinnuhópurinn um alþjóðlegar loftslagsviðræður
Svanurinn	Opinbera norræna umhverfismerkið
TEG	Vinnuhópur um lifandi auðlindir

Norræn framkvæmdaáætlun í umhverfismálum 2013–2018

© Norræna ráðherranefndin, 2012

ISBN 978-92-893-2469-4

<http://dxdoi.org/10.6027/ANP2012-764>

ANP 2012:764

Umbrot: Jette Koefoed/Erling Lynder

Kápu mynd: ImageSelect, Anna Maria Hill Mikkelsen, Karin Beate Nøsterud

Upplag: 500

Prentun: Rosendahls-Schultz Grafisk

Printed in Denmark



Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlanda í sterkri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmuni í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18

DK-1061 København K

Sími (+45) 3396 0200

www.norden.org



Norræn framkvæmdaáætlun
í umhverfismálum
2013–2018



norder

Norræn framkvæmdaáætlun í umhverfismálum 2013–2018

4	Formáli
6	Inngangur
9	1. Græn samfélagsþróun
11	1.1 Sjálfbær neysla og framleiðsla
13	1.2 Auðlindanýtni og úrgangur
17	2. Loftslagsbreytingar og mengun andrúmslofts
20	2.1 Loftslagsbreytingar
22	2.2 Loftmengun
24	2.3 Skammvinnir loftslagsspillar
27	3. Líffræðileg fjölbreytni og þjónusta vistkerfa
29	3.1 Vistkerfi á landi
30	3.2 Útivist, landslag og menningarumhverfi
32	3.3 Líffræðileg fjölbreytni og loftslagsbreytingar
33	3.4 Lífríki hafsins
35	3.5 Súrnun sjávar
37	4. Efni sem skaða heilsu og umhverfi
40	Framkvæmd og ábyrgð



Formáli

Fyrsta verk mitt sem umhverfisráðherra var að stjórna fundi norrænu umhverfisráðherranna sem haldinn var á Svalbarða í mars 2012 á formennskuári Norðmanna. Loftslagsmál voru í brennidepli á fundinum og við samþykktum yfirlýsingu um að draga beri úr losun sóts á norðurslóðum. Við ráðherrarnir fengum skyndinámskeið um helstu áskoranir í umhverfismálum á norðurslóðum – þar sem náttúran er falleg en viðkvæm, ísinn bráðnar hratt og alvarlegar breytingar eru að verða á loftslagi.

Samkvæmt síðustu gervihnattamælingum hefur aldrei verið eins lítið um ís umhverfis Norðurpólinn og nú. Því ríður á að ná bindandi alþjóðasamkomulagi um loftslagsmál. Við megum engan tíma missa.

Rannsóknir á loftslagsbreytingum og hættulegum efnum á Svalbarða sem og víðar á norðurskautssvæðunum hafa vakið mikla athygli um allan heim enda er stuðst við þær við gerð mikilvægra samninga um umhverfismál.

Sem dæmi um góðan árangur af norrænu samstarfi um umhverfismál má nefna það frumkvæði sem Norðurlönd tóku varðandi

gerð alþjóðlegs samnings um kvikasilfur sem nú er að verða að veruleika. Einnig má nefna Gautaborgarbókunina um loftmengun og norræna umhverfismerkið Svaninn. Norrænir sérfræðingar hafa starfað náið saman og átt þannig þátt í að efla stefnumótun heima fyrir og leggja fram sameiginlegar hugmyndir á alþjóðavettvangi.

Græn samfélagsþróun er forgangsmál í þeirri framkvæmdaáætlun í umhverfismálum sem hér lítur dagsins ljós. Við verðum að efla þekkingu á mikilvægi bættrar auðlindanýtni og sjálfbærri neyslu og framleiðslu. Við verðum að koma á kerfi þar sem fyrirtæki gera grein fyrir umhverfisáhrifum framleiðslu, orkunotkunar og flutninga. Það stuðlar að umhverfisvænni samfélagsþróun.

Ásókn eykst í auðlindir, jafnframt eykst mengun um allan heim og náttúrulegt umhverfi hopar að sama skapi. Tegundum fækkar sífellt hraðar. Norðurlönd hafa allt frá áttunda áratug liðinnar aldar spornað við þessari þróun með því að móta sér stefnu í umhverfismálum. Reynslan hefur sýnt að meta þarf og verðleggja þjónustu vistkerfa og má þar nefna hreint andrúmsloft og

hreint vatn. Sagan sýnir að betur er farið með það sem metið er til fjár.

Þörf er á að skilgreina betur markmið um þróun á sviði velferðarmála. Auk vergrar þjóðarframléiðslu á hvern íbúa þarf upplýsingar um verðmæti náttúrulegs umhverfis í því skyni að reikna út heildarvelferð í samfélaginu. Því skiptir miklu máli að meta og verðleggja þá verðmætu þjónustu sem vistkerfin og höfuðstóll náttúrunnar gefa af sér, fylgjast með breytingum á ástandi umhverfisins og tryggja gæði í þjónustu vistkerfanna. Einnig er brýnt að beina athygli samfélagsins að hinni mikilvægu þjónustu vistkerfanna.

Veigamikill þáttur í norrænu samstarfi um umhverfismál verður að fylgja eftir skýrslu norrænu forsætisráðherranna „Norðurlönd– leiðandi í grænum hagvexti“. Umhverfissviðið ber meginábyrgð á úrgangsmálum en leggur einnig áherslu á græn innkaup og heldur áfram að þróa umhverfismerkið Svaninn og önnur tæki í samstarfi við önnur svið.

Í norrænu samstarfi er einnig mikilvægt að fylgja eftir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, Ríó+20. Norðurlönd munu stuðla að betri auðlindanýtni, sjálfbærari neyslu og framléiðslu og grænni samfélagsþróun í samstarfi við SP, ESB og einstök ríki. Með slíku samstarfi munu skapast ný tækifæri í atvinnulífi og grænum störfum fjölga á Norðurlöndum.

Norðurlönd munu styðja við það mikilvæga starf sem unnið er á vettvangi ESB, OECD, alþjóðasamninga um umhverfismál og umhverfisáætlunar SP (UNEP). Það starf getur stuðlað að því að reglur um umhverfismál verði hertar um allan heim.

Norrænt samstarf gegnir mikilvægu hlutverki sem samráðsvettvangur landanna gagnvart ESB. Jafnframt verður stefna Norðurlandanna æ stærri hluti af stefnu þeirra í Evrópumálum. Norrænt samstarf er þannig órjúfanlegur þáttur í Evrópusamstarfi landanna.

Á Norðurlöndum ríkir jöfnuður, opinberar stofnanir njóta trausts og ákveðið samráð er milli stjórnvalda og almennings. Þennan styrk norrænna samfélaga ber að nýta í þágu grænnar samfélagsþróunar.

Norræn stefna í umhverfismálum hefur reynst árangursrík og margt hefur áunnist. Því er það von mín að norrænt samstarf verði öðrum löndum hvatning og stuðningur í því mikilvæga verkefni sem felst í að undirbúa og framkvæma alþjóðasamninga um umhverfismál.

Bård Vegar Solhjell,
umhverfisráðherra Noregs

n o r d e r



Inngangur

Á síðustu 40 árum hafa Norðurlönd náð verulegum árangri í samstarfi um umhverfismál. Tekist hefur að vefa hagvöxt og þróun velferðar saman við metnaðarfulla umhverfisstefnu og stuðla þannig að bættu umhverfi á Norðurlöndum og víðar um heim.

Sjálfbær neysla og framleiðsla, umhverfisvæn tækni og grænn hagvöxtur í samstarfi við önnur svið, þar á meðal atvinnulíf og alþjóðastofnanir, munu verða mikilvæg viðfangsefni í norrænu samstarfi á komandi árum. Einnig verður lögð áhersla á að fylgja eftir ráðstefnu SP um sjálfbæra þróun, Ríó+20.

Með þá grundvallarreglu að leiðarljósi að norrænt samstarf eigi að skapa hámarks nytsemi og virðisauka eru eftirtaldir málaflokkar í öndvegi í þessari áætlun í umhverfismálum:

1. græn samfélagsþróun,
2. loftslagsbreytingar og mengun andrúmslofts,
3. líffræðileg fjölbreytni, vistkerfi og súrnun sjávar,
4. efni sem eru skadleg heilsu og umhverfi.

Á gildistíma áætlunarinnar verður einnig lögð áhersla á að Norðurlönd vinni saman að undirbúningi og framkvæmd Evrópugerða og alþjóðasamninga um umhverfismál. Þá ríður á að samþykka lagalega bindandi loftslagssáttmála sem skuldbindur öll ríki til að draga úr losun frá og með árinu 2020. Samstarf um að skapa grænan hagvöxt og efla sjálfbæra þróun í velferðarmálum verður áfram forgangsmál.

Framkvæmdaáætlun í umhverfismálum á að vera stjórnþæki í starfi norrænu ráðherra-nefndarinnar á sviði umhverfismála (MR-M) næstu sex árin, 2013–2018. Með samstarfinu er leitast við að leita lausna og aðferða sem sýna að verulega munar um framlag Norðurlanda. Gildistími áætlunarinnar er nú lengri en áður eða sex ár.

Framkvæmdaáætlun í umhverfismálum er samin með hliðsjón af þeim viðfangsefnum sem við blasa og ber að líta á hana sem eitt af mörgum tækjum til að hrinda í framkvæmd norrænni stefnumótun um sjálfbærri þróun.

Samstarfið fylgir grunnreglunni um norræna nytsemi og virðisauka og starfa löndin því saman að málum þar sem vænta má að þau nái betri árangri saman en hvert fyrir sig.

Umhverfisáætlun SP (UNEP), Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) og umhverfis-sáttmálar SP, þar á meðal Ramma-samningurinn um loftslagsbreytingar (UNFCCC) og Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni gegna mikilvægu hlutverki í norrænu samstarfi er snýr að alþjóðlegum málefnum. Norrænt samstarf um umhverfis-mál byggist m.a. á faglegu framlagi Norðurlanda í alþjóðlegum samninga-viðræðum og miðlun upplýsinga. Með þessu móti má auka áhrif Norðurlanda.

Lausnir á umhverfisvanda á grannsvæðum Norðurlanda skipa mikilvægan sess í norrænu samstarfi. Þess vegna ákváðu ríkisstjórnir Norðurlanda að stofna Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) en félaginu er ætlað að fjármagna norræn verkefni sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið í Norðvestur-Rússlandi, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi. Þá eiga Norðurlönd þátt í að fjármagna stærri umhverfisverkefni og útflutning á norrænni umhverfistækni. Norðurlönd eru einnig virkir þátttakendur í umhverfissamstarfi í Norðurskautsráðinu, Barentsráðinu, í Eystrasaltsráðinu og innan vébanda HELCOM og OSPAR sem eru svæðis-bundnir samningar um málefni hafsins. Starfi sem tengist norræna umhverfismerkinu

Svaninum verður haldið áfram og það eft enn frekar.

Hnattrænar umhverfisógnir hafa einkum áhrif á norðurslóðir þar sem ísinn bráðnar og eiturefni safnast fyrir í fæðukeðjunni og ógna heilsu manna og umhverfis. Í norrænu umhverfissamstarfi er lögð áhersla á að varðveita einstakt umhverfi norðurslóða og vinna sjónarmiðum þeirra brautargengi á alþjóðlegum vettvangi.

Einnig er mikilvægt að leggja áherslu á sérkenni norrænna samfélaga þar á meðal samstarf um auðlindastjórnun og að deila reynslu milli fámennra samfélaga á Norðurlöndum.



1. GRÆN SAMFÉLAGSPRÓUN

● Markmið:

Samfélagsþróun mótast af virkri og samræmdri stefnu í umhverfismálum, fjármálum, atvinnumálum, vísindum og nýsköpun. Auðlindanýtni batnar stöðugt, álag á umhverfi minnkar og tekist hefur að auka velferð án þess að reyna á þölmörk náttúrunnar.



Hagvöxtur og hagþróun eru enn þess valdandi að ásókn í auðlindir eykst og álag á umhverfi að sama skapi. Vöxturinn ber vott um skort á samþættingu milli umhverfissjónarmiða, ákvarðanatöku og verðlagningarkerfa.

Hagkerfi og velferð byggja á auðlindum náttúrunnar, þjónustu vistkerfa og þeim verðmætum sem fást úr málum, jarðefnum, jarðefnaeldsneyti og öðru eldsneyti, fersku vatni, ræktuðu landi, náttúrusvæðum og auðlindum sjávar. Til framtíðar litið skipta erfðaauðlindir sköpum fyrir fæðuöryggi heimsins. Sátt þarf að nást

Tengja þarf sýn á velferð í víðtækara samhengi með því að meta og verðleggja höfuðstól náttúrunnar og þjónustu vistkerfa. Efla þarf hagræn stjórnþæki í þá veru að verðlagningarkerfi standi í auknum mæli straum af kostnaði vegna álags á umhverfið.

milli umhverfisverndar og hagvaxtar en það verður gert með aðlögun að grænu hagkerfi og grænum hagvexti. Þetta er viðfangsefni Norðurlanda, Evrópu og allra landa heims, iðnríkja jafnt sem þróunarríkja.

Finna þarf nýjar leiðir til að mæla þróun velferðar í því skyni að ýta undir sjálfbæra þróun. Tengja þarf sýn á velferð í víðtækara samhengi með því að meta og verðleggja höfuðstól náttúrunnar og þjónustu vistkerfa. Efla þarf hagræn stjórnþæki í þá veru að verðlagningarkerfi standi í auknum mæli straum af kostnaði vegna álags á umhverfið. Afnema ber eða lækka niðurgreiðslur sem spilla umhverfinu. Ein af forsendum sjálfbærrar þróunar er að öll svið samfélagsins og almenningur leggi sitt af mörkum og virði umhverfissjónarmið.

Norðurlönd leggja ríka áherslu á að greiða fyrir grænu hagkerfi og grænum hagvexti, m.a. á vettvangi Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Umhverfisáætlunar SP í samstarfi við aðrar alþjóðastofnanir.



Innan ramma evrópskrar samvinnu munu Norðurlönd fylgja eftir mikilvægum atriðum í áætlun Evrópusambandsins, ESB 2020, áætlun ESB um auðlindanýtni og 7. framkvæmdaáætlun ESB í umhverfismálum.

Norðurlöndin voru í broddi fylkingar þegar hafin var aðlögun að grænni hagvexti. Löndin hafa sýnt og sannað að hægt er að minnka álag á umhverfi og auðlindanotkun án þess að það bitni á hagvexti og félagslegum velferðarlausnum.

▼ Dæmi um nokkur lykilatriði til að ná ofangreindum markmiðum:

- mengunarbótareglan um að mengunarvaldur borgi;
- hagræn stjórnþæki: gjöld, kvótakerfi, sjóðir, afnám niðurgreiðslna;
- lög og reglugerðir;
- skipulagsmál og greining á umhverfisáhrifum;
- verðmæti og þjónusta náttúrunnar sé tengd ákvörðunarferlum;
- stjórnskipulag byggt á vistfræðilegri nálgun;
- aðgerðir til að bæta auðlindanýtni;
- frjálssir samningar, m.a. um forvarnir gegn myndun úrgangs og kröfur um endurnýtingu (úrgangur/ábyrgð framleiðanda);
- kerfi fyrir opinber innkaup;
- umhverfismerkingar og umhverfisupplýsingar;
- rannsóknir, þróun og útbreiðsla á umhverfistækni;
- umhverfisstjórnun og samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja (CSR);
- þverfaglegt samstarf sviða sem fara með málefni tengd orku, heilbrigði, atvinnu, neytendum, fjármálum, landbúnaði, sjávarútvegi, skógrækt, námuvinnslu og samgöngum;
- mat og verðlagning á þjónustu vistkerfa;
- samræður við fulltrúa atvinnulífs og almenning;
- aðlögun að sjálfbærum lífsstíl.

1.1 Sjálfbær neysla og framleiðsla

● Markmið:

Framleiðsla og neysla miðast við þolmörk náttúrunnar og því er hægt að bæta heilsu og umhverfi. Auðlinda-notkun er skilvirk og sjálfbær.

Norðurlönd eru að mörgu leyti sameiginlegur markaður með sama vöruframboð og svipað neyslumynstur. Löndin geta tekið sig saman um að skapa umhverfisvæna neyslu og framleiðsluhætti sem taka mið af umhverfi og andrúmslofti. Hægt er að hafa áhrif á sjálfbæran lífsstíl með verðlagningu, stöðlum, fræðslu, umhverfismerkingum og umhverfisupplýsingum um vöru og þjónustu. Norrænt og annað alþjóðlegt samstarf um loftslags- og umhverfisvænt kerfi fyrir opinber innkaup hefur reynst árangursríkt.

Mikilvægt er að skapa markaðsskilyrði sem örva umhverfisvæna nýsköpun og vithönnun. Þannig mætti hvetja fyrirtæki og neytendur til að haga fjárfestingum og innkaupum þannig að draga megí úr og jafnvel koma í veg fyrir umhverfisvanda til frambúðar.

Umhverfislöggjöf, reglugerðir og kröfur til umhverfistækni svo og hagræn stjórn tæki hafa það markmið að flýta fyrir nýsköpun og þróun umhverfistækni. Norræn fyrirtæki geta þannig nýtt betur þau tækifæri sem skapast á markaði vegna aukinnar eftirspurnar eftir umhverfisvænum vörum. Í alþjóðlegu

hagkerfi munu fyrirtæki búa við jöfn samkeppniskjör ef löggjöf landanna er samræmd.

Í neyslusamfélagi er umhverfisfræðsla mikilvægt tæki til að auka sjálfbæra neyslu. Einmitt þess vegna völdu Norðurlönd að vinna saman að umhverfismerkinu Svaninum. Svanurinn gerir neytendum kleift að velja bestu fánlegu vörur með tilliti til umhverfis og hvetur til umhverfisvænnar vöruþróunar. Löndin vinna einnig saman að gerð viðmiða sem eiga að hvetja til sjálfbærrar neyslu og lífsstíls. Vinna þarf enn frekar með viðmið fyrir vörur og vöruflokkum sem hafa áhrif á umhverfi og andrúmsloft og á öðrum sviðum þar sem umhverfismerkingar koma að gagni. Má þar sem dæmi nefna byggingar, samgöngur, tómsundur og ferðaþjónusta. Einnig ber að þróa áfram viðmið fyrir opinber innkaup og leita samlegðaráhrifa milli Svansins og Blómsins.

Opinber innkaup eru stór hluti markaðarins og í þeim felast mikil sóknarfæri á Norðurlöndum og í ríkjum ESB. Norðurlönd leggja ríka áherslu á vistvæn opinber innkaup með það fyrir augum að efla sjálfbæra neyslu og framleiðslu. Fordæmi hins opinbera er afar mikilvægt fyrir nýsköpun og þróun á grænni tækni. Einkageirinn verður hvattur til að taka sig á varðandi græn innkaup og fyrirtæki verða krafín um að gera grein fyrir frammistöðu sinni í þeim efnun.



Norðurlönd vilja koma í veg fyrir auðlindaþurrð og ósjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda með því að bæta auðlindanýtni og aðlaga framleiðslu og neyslu.

▼ Forgangsmál:

- Greiða fyrir sjálfbærri neyslu og framleiðslu með lagabreytingum, hagrænum stjórntækjum og með því að hrinda í framkvæmd áætlunum SP og ESB um sjálfbæra neyslu og framleiðslu.
- Búa í hagin fyrir betri samræmingu og notkun mismunandi aðferða við fræðslu um umhverfismál eins og t.d. Svaninn og Blómið og vinna áfram að stöðlum og yfirlýsingum um umhverfismál sem gætu orðið framlag landanna í evrópsku samstarfi.
- Efla vinnu við að þróa Svaninn og standa þannig vörð um stöðu hans sem þekkt og áhrifamikil umhverfismerki.
- Vinna áfram að grænum tækni-stöðlum og hafa áhrif á þróunina í þá veru að græn opinber innkaup þyki sjálfsagt mál á Norðurlöndum og verði þáttur í að hafa áhrif á vettvangi ESB.
- Hvetja til frekari þróunar á tækni, innkaupum og opinberum samningum sem eiga þátt í að auka hlutfall umhverfis- og loftslagsvænnar vöru og þjónustu.

1.2 Auðlindanýtni og úrgangur

● Markmið:

Auðlindanýting hefur verið aftengd hagvexti með bættri auðlindanýtni, forvörnum og endurvinnslu úrgangs. Tekist hefur að lágmarka umhverfisáhrif í framleiðsluferli, vöru og úrgangi út frá hringrásarhugsun.

Auðlindaþurrð er farin að gera vart við sig um allan heim og verð á helstu hráefnum mun hækka.

Norðurlönd vilja koma í veg fyrir auðlindaþurrð og ósjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda með því að bæta auðlindanýtni og aðlaga framleiðslu og neyslu.

Hringrásarhugsun er mikilvæg í því skyni að efla grænan hagvöxt en hún felst í auðlindanýtni og háu stigi endurnýtingar og endurvinnslu efnis. Einnig er mikilvægt að vara innihaldi ekki hættuleg efni og því er nauðsynlegt að setja staðla fyrir framleiðslu. Innihaldi úrgangur eiturefni ber að fjarlægja hann úr hringrásinni í stað þess að endurvinnna hann – þannig er komið í veg fyrir að eiturefni dreifist um vistkerfin.

Norðurlönd munu áfram verða í fararbroddi við undirbúning, framkvæmd og samræmingu alþjóðlegra samninga um úrgang og annarra mikilvægra samninga. Í rammatilskipun ESB um úrgang er lögð áhersla á að stýra meðhöndlun úrgangs. Forvarnir gegn



myndun úrgangs, endurnýting, endurvinnsla, orkunotkun og lokameðhöndlun úrgangs eru nefnd sérstaklega og raðað í forgangsröð. Norðurlönd munu beita sér fyrir því að áfram verði unnið að þessum málum og þeim hrint í framkvæmd.

Norðurlönd vinna ötullega með auðlindanýtni, græna tækni og umhverfistækni, hvert í sínu lagi en einnig saman í tengslum við framkvæmdaáætlun ESB um vistvæna nýsköpun (EcoAP). Til mikils er að vinna í umhverfismálum ef hægt verður að breiða út fáanlega tækni sem er auðlindanýtin og umhverfisvæn. Norðurlönd munu áfram vinna saman að því að efla markað fyrir græna tækni.

Áætlanir ESB um sjálfbæra neyslu og framleiðslu annars vegar og græn opinber innkaup hins vegar lýsa stefnu sambandsins hvað þessi mál varðar. Unnið er að endurskoðun og gerð nýrra tilskipana um vishönnun vöru og losun frá iðnaði (IED) og munu þær gegna mikilvægu hlutverki þegar settar verða strangari reglur um notkun efnis og auðlinda.

Náið verður fylgst með tillögu ESB að áætlun um kolefnisjöfnuð fram til ársins 2050 en áætlunin um auðlindanýtni verður einnig ofarlega á dagskrá.

Norðurlönd munu áfram verða í fararbroddi við undirbúning, framkvæmd og samræmingu alþjóðlegra samninga um úrgang og annarra mikilvægra samninga.

▼ Forgangsmál:

- Þróa stjórnþæki enn frekar og búa í haginn fyrir bættu auðlindanýtni.
- Leggja áherslu á forvarnir gegn myndun úrgangs, nýtni og endurvinnslu efnis og taka þátt í að þróa starf ESB á þessu sviði.
- Forðast endurvinnslu á efnum sem innihalda hugsanlega eiturfefni og tryggja eftir fremsta megni að hringrásir séu lausar við hættuleg efni.
- Beita sér fyrir því að reglur ESB geri ábyrgar kröfur um endurvinnslu efnis og magn hættulegra efna í vöru sem unnin er úr úrgangi, þar á meðal *End of Waste*.
- Beita sér fyrir ESB-reglum og alþjóðlegu samkomulagi um að upplýsingar um innihald hættulegra efna í vöru verði aðgengilegar í gegnum allan lífsferil vörunnar, einnig þegar hún er orðin úrgangur.
- Undirbúa norrænar tillögur til ESB um vishönnun vöru.
- Efla norrænt samstarf um forvarnir gegn myndun matarúrgangs og undirbúa norrænar tillögur til ESB og SP um matarúrgang.
- Efla áfram græna samfélagsþróun og fylgja eftir frumkvæði norrænu forsætisráðherranna um úrgang.





2. LOFTSLAGSBREYTINGAR OG MENGUN ANDRÚMSLOFTS

● Markmið:

Dregið hefur úr losun gróðurhúsalofttegunda og mengun andrúmsloftsins og tekist hefur að komast hjá alvarlegum loftslagsbreytingum – allt í því skyni að ná markmiði um að takmarka hnattræna hlýnun við 2 hitastig og draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu og umhverfi.

Frá tímum iðnaðarbyltingar hefur magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu aukist um 30 af hundræði. Á sama tíma hefur meðalhitastig í heiminum hækkað um 0,8 stig á Celsíus. Samkvæmt framtíðarspá milliríkjanefndar SP um loftslagsbreytingar er hætta á að fram að næstu aldamótum eigi meðalhitastig í heiminum eftir að hækka um 1,8–4 hitastig miðað við tímabilið 1980–1999 ef ekkert verður aðhafst til að draga úr losun.

Norðurskautsráðið hefur gefið út skýrslu um snjó, vatn, ís og sífrera á norðurslóðum (SWIPA-skýrslan). Þar kemur fram að bæði hafís og Grænlandsjökull hafi sýnt frábrugðið mynstur á undanföllum 10 árum. Bráðnun Grænlandsjökuls hafi ekki eingöngu áhrif á íbúa norðurslóða heldur valdi hún einnig hækkun á yfirborði sjávar um heim allan. Frekari hlýnun á norðurhvara geti haft í för með sér að sífreri þiðni. Hætt sé við að metan losni úr læðingi

og berist út í andrúmsloftið. Metan er sterk gróðurhúsalofttegund og losun þess gæti átt þátt í því að hraða hlýnun í heiminum.

Norðurlönd beita sér fyrir nýjum hnattrænum loftslagssamningi á vegum Ramma-samnings SP um loftslagsbreytingar sem yrði lagalega bindandi fyrir öll ríki. Markmið samningsins yrði að takmarka hlýnun í heiminum við 2 hitastig.

ESB hefur unnið áætlun um kolefnisjöfnun fyrir árið 2050 og vinna Norðurlönd nú að gerð eigin framkvæmdaáætlana með það markmið að greiða fyrir samfélagi þar sem losun er í lágmarki.

Fram til ársins 2020 verður einkum lögð áhersla á að herða kröfur um magn losunar í heiminum. Betri orkunýtni í öllum geirum, notkun endurnýjanlegra orkugjafa og umhverfisvæn orka eru meðal þeirra tækja sem gripið verður til. Norðurlönd munu beita sér fyrir afnámi niðurgreiðslna til jarðefnaeldsneytis og innleiða þess í stað umhverfistengda skatta sem endurspeglar skaðleg áhrif á umhverfi. Þannig skapast réttir hvatar til að draga úr losun við orkunotkun og í samgöngum, þar á meðal í alþjóðlegum skipa- og flugsamgöngum. Norðurlönd munu beita sér fyrir sjálfbærum lausnum við framleiðslu og notkun á lífoldsneyti í því skyni að koma í veg fyrir að matvælaframleiðsla fari úr skorðum. Komast má hjá því ef óbeinum áhrifum landnýtingar er haldið í algjöru lágmarki.




Mengun andrúmslofts skaðar vistkerfi og heilsu manna. Mengandi efni á við brennistein, köfnunarefni, litlar heilsu-spillandi agnir, þrávirk lífræn efni (POP) og þungmálma berast langar leiðir og milli landa. Alþjóðlegir samningar eru nauðsynlegir til að unnt verði að draga úr þeirri mengun sem af þessu hlýst. Norðurlönd halda áfram samstarfi að undirbúningi og framkvæmd nýrra alþjóðasamninga til að draga úr mengun andrúmsloftsins. Löndin munu einnig vinna saman að undirbúningi aðgerða og þróun stjórnækja og bera saman reynslu sína á þessu sviði.

Skammvinnir loftslagsspillar er samheiti fyrir sótagnir, óson í veðrahvolfi, metan og aðrar lofttegundir og agnir sem hafa stuttan líftíma í andrúmsloftinu en eru taldar eiga þátt í hlýnun andrúmslofts í heiminum og flýta fyrir því að ís og snjór bráðnar. Takist að draga úr skammvinnum loftslagsspillum mun áhrifanna einkum gæta á norðurhvara en þar er gert ráð fyrir að hlýnun verði áfram allveruleg. Átak til að minnka losun, draga úr myndun skamm-

vinnra loftslagsspilla til skemmri og lengri tíma og minnka svo um munar losun á langlífum gróðurhúsalofttegundunum á borð við koldíoxíð mun skipta sköpum. Losun sóts er einnig skaðleg heilsu manna og því má slá tvær flugur í einu höggi þegar tekst að takmarka losunina. Víða er unnið að þessum málum á alþjóðlegum vettvangi og má þar nefna Norðurskautsráðið, Umhverfisáætlun SP (UNEP) og Samning um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (LRTAP). Norðurlönd vilja efla starf sem miðar að því að draga úr losun og myndun skammvinnra loftslagsspilla á Norðurlöndum og um heim allan.

Aðgerðir til að draga úr magni skammvinnra loftslagsspilla í andrúmsloftinu koma ekki í staðinn fyrir starf sem unnið er á vettvangi Rammasamnings SP um loftslagsbreytingar um minnkun losunar á koldíoxíði og öðrum langlífum gróðurhúsalofttegundum.

Alþjóðlegir samningar eru nauðsynlegir til að unnt verði að draga úr þeirri mengun sem af þessu hlýst. Norðurlönd halda áfram samstarfi að undirbúningi og framkvæmd nýrra alþjóðasamninga til að draga úr mengun andrúmsloftsins.



▼ **Dæmi um nokkur lykilatriði til að ná ofangreindum markmiðum:**

- fylgja eftir rammasáttmála SP um loftslagsbreytingar, Kýótó-bókuninni og Gautaborgarbókuninni;
- nýir alþjóðasáttmálar um loftslagsmál og mengun andrúmslofts sem skuldbinda öll ríki;
- sjálfsprottið samstarf við tiltekin lönd og stofnanir um að draga úr losun; samstarf um loftslagsvæna aðlögun og minnkun losunar til lengri tíma litið;
- kolefnisskattur;
- viðskipti með losunarheimildir og aðrar sveigjanlegar markaðsaðgerðir;
- staðlar og orkumerkingar;
- samstarf við önnur svið um lausnir varðandi lágmarkslosun;
- rannsóknir og þróun;
- gerð framkvæmdaáætlunar í löndunum um aðlögun að loftslagsbreytingum;
- upplýsingar.

2.1 Loftslagsbreytingar

● Markmið:

Hnattrænn loftslagssamningur hefur verið samþykktur árið 2015 – samningurinn öðlast gildi 2020 og verður lagalega bindandi fyrir öll ríki. Samningurinn felur í sér raunhæfar skuldbindingar fyrir iðnríki og stærri þróunarríki um að minnka losun og stuðla að því að hægt verði að takmarka hlýnun í heiminum við 2 °C.



Unnið er að því að gera nýjan og lagalega bindandi loftslagssamning sem nái til allra landa heims. Samningaviðræðum á að vera lokið á árinu 2015 og samningurinn á að taka gildi á árinu 2020. Fram til ársins 2020 eru öll Norðurlönd bundin öðru skuldbindingartímabili Kýótó-bókunarinnar. Á sama tíma þarf að semja um vinnuáætlun til að auka metnað landanna, einnig fram til ársins 2020.

Norðurlönd setja markið hátt, þau vilja standa við skuldbindingar sínar og sýna fram á að það borgi sig fjárhagslega að draga úr losun í löndunum en einnig í samstarfi við önnur stór losunarríki. Norðurlönd gegna mikilvægu hlutverki þegar línurnar eru lagðar í viðræðum um nýjan loftslagssamning en hann á að taka gildi á árinu 2020. Öll lönd með mikla losun verða að beita sér fyrir hagkvæmum aðgerðum. Ábyrgðina axla ríkin sameiginlega þótt þau fari ólíkar leiðir til að draga úr losun, takmarka hlýnun í heiminum og leggja sitt af

mörkum við framkvæmd á lagalega bindandi samningi.

Allir aðilar hagnast á því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda því staðbundin mengun andrúmslofts minnkar að sama skapi sem og skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfi. Reynsla af samstarfi ríkja með mikla losun hefur leitt þetta í ljós.

Norðurlöndin hafa hvert um sig gripið til ólíkra aðgerða til að aðlagast loftslagsbreytingum. Löndin geta miðlað þekkingu og sýnt fordæmi á þessu sviði. Auk þess þarf að virkja einkageirann til að laða fram nýstárlega aðlögun að loftslagsbreytingum.

Norðurlöndin hafa hvert um sig gripið til ólíkra aðgerða til að aðlagast loftslagsbreytingum. Löndin geta miðlað þekkingu og sýnt fordæmi á þessu sviði.

▼ Forgangsmál:

- Þróa fleiri stjórnþæki til að ná fram hagkvæmni við að draga úr losun á gróðurhúsalofttegundum og skammvinnnum loftslagsspillum og skal það gert með þeim stjórnþækjum sem löndin ráða yfir og aðkomu Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO).
- Standa saman að greiningu á mikilvægum atriðum í viðræðum um nýjan loftslagssamning og taka frumkvæði á þeim sviðum sem vænleg eru til árangurs við samningaborðið og þegar samningum er fylgt eftir í hverju landi fyrir sig og á Norðurlöndum í heild.
- Örva þróun á öflugum markaðstengdum leiðum til að hvetja til hagkvæmrar minnkunar á losun með stjórnþækjum sem henta einstaka atvinnugreinum.
- Eiga þátt í að þróa Græna loftslagssjóðinn og nýstárlegar fjármögnunarleiðir.
- Eiga þátt í að nýta bestu fáanlegu tækni (BAT) til að þróa loftslagsvænar lausnir.
- Eiga þátt í að greiða fyrir alþjóðlegum lausnum á vettvangi Alþjóðasiglingamála stofnunarinnar (IMO) til að draga úr losun frá skipaumferð.
- Búa í haginn fyrir norræn samfélög þannig að þau geti lágmarkað losun kolefnis.
- Styðja við starf Norðurskautsráðsins og Barentsráðsins varðandi loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á vistkerfi á norðurslóðum.



2.2 Loftmengun

● Markmið:

Það tjón sem loftmengun veldur heilsu fólks og umhverfi fer hvorki yfir leyfileg mörk né brýtur í bága við alþjóðakröfur um gæði andrúmslofts og reynir ekki á þolmörk náttúrunnar. Heildarlosun landanna og einstakra aðila er haldið undir alþjóðlegum mörkum.

Mengun andrúmslofts sem veldur skaða á vistkerfum og heilsu manna berst með lofti langar leiðir og virðir engin landamæri. Alþjóðlegt samstarf á þessu sviði er því afar mikilvægt. Alþjóðasamstarf hefur leitt til þess að dregið hefur úr losun á sýrandi og ofauðgandi efnum, svifögnum, þungmálmum og lífrænum eiturefnum. Norrænt umhverfis-samstarf hefur átt þátt í því að gerðir hafa verið árangursmiðaðir samningar á vettvangi Samnings SP um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa (LRTAP) og reglugerða ESB á þessu sviði. Á vettvangi LRTAP-samningsins er unnið að því að draga úr losun á kvikasilfri, þrávirkum lífrænum efnum (POP), þungmálmum, fjölarómatískum vetniskolefnum, díoxíni og svifögnum, þar á meðal sóti.

Endurskoðun sem gerð var á Gautaborgar-bókuninni árið 2012 og stefnumörkun ESB varðandi loftmengun verða nýtt sem stjórnþæki til að bæta loftgæði á komandi árum. Samkvæmt stefnumörkun ESB eru áhrif loftmengunar á heilsu manna aðalhvatin til

þess að gripið verður til aðgerða. ESB er um þessar mundir í fararbroddi í setningu laga sem miða að því að auka gæði andrúmslofts.

Loftgæði í mörgum stærri bæjum og borgum á Norðurlöndum eru á stundum lakari en þau mörk sem mælt er með og kveðið á um í ESB-tilskipunum um loftgæði og leiðbeiningum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Rannsóknir staðfesta að dauðsföllum fjölga greinilega sökum loftmengunar sem einkum birtist í fínum svifögnum. Því þarf að bregðast skjótt við, staðbundið og á landsvísu, auk þess sem rannsaka þarf nánar það tjón sem fínar og örfínar svifagnir valda á heilsu fólks og umhverfi. Þörf er á alþjóðlegum aðgerðum þar sem sjónum er beint að áhrifum losunar milli landa og fjárhagslegum afleiðingum af völdum fínna og örfínna svifagna.

Önnur vandamál sem tengjast loftmengunar-vanda á borð við súrnun og ofauðgun eru langt frá því að vera leyst. Súrnun er þrálátur vandi víða á Norðurlöndum. Losun köfnunarefnis er um þessar mundir mun áhrifameiri en losun brennisteins. Losun köfnunarefnis hefur áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Við samspil metans og sólarljóss myndast óson við yfirborð jarðar sem dregur úr landbúnaðarframleiðslu.

Þörf er á alþjóðlegum aðgerðum þar sem sjónum er beint að áhrifum losunar milli landa og fjárhagslegum afleiðingum af völdum fínna og örfínna svifagna.

Flutningar lífrænna efna langar leiðir og flutningar á lífrænum eiturefnum og þungmálum sem safnast saman í fæðukeðjunni eru viðvarandi vandamál sem bregðast þarf við.

Norðurlöndum ber því að styðja áfram við undirbúning og framkvæmd á vísindalegum aðgerðum í því skyni að draga úr loftmengun frá helstu mengunarvöldum eins og heimilum, orkuviðnaði, samgöngum, iðnaði og landbúnaði í anda alþjóðlegra samninga.

▼ Forgangsmál:

- Próa tillögur til alþjóðlegra samninga-viðræðna og ESB-tilskipana um að draga úr losun lofttegunda sem spilla umhverfi og mengun sem berst milli landa.
- Vinna að því að draga úr losun og áhrifum sýrandi og ofauðgandi efna.
- Fyrirbyggja og draga úr losun kvikasilfurs, fjölarómatískra vetniskolefna og díoxíns og þvert á landamæri.
- Auka þekkingu á samspili loftmengunar og loftslagsbreytinga.
- Auka þekkingu og miðla upplýsingum með það að markmiði að draga úr magni örfínna svifagna í borgum.

2.3 Skammvinnir loftslagsspillar

● Markmið:

Dregið hefur verið úr losun á sóti, metani og myndun ósons í veðrahvolfinu.

Hækkandi hitastig og minni haffís á sumrin eru tvær vísbendingar um að breytingar á andrúmslofti séu örari á norðurslóðum en annars staðar í heiminum. Losun langlífra gróðurhúsalofttegunda, einkum koldíoxíðs, eru helstu ástæður hækkandi hitastigs á norðurslóðum og í heiminum almennt. Skammvinnir loftslagsspillar á við sót, metan og óson við yfirborð jarðar eru taldir geta átt sök á allt að 30–40% af hlýnun á norðurskautssvæðum fram til þessa. Skammvinnir loftslagsspillar hafa mun skemmi líftíma í andrúmsloftinu en koldíoxíð. Verði dregið umtalsvert úr losun þeirra mun það hafa hraðvirkari áhrif á loftslagið en minni losun gróðurhúsalofttegunda enda lifa þær síðarnefndu mun lengur í andrúmsloftinu.

Minni losun og minni myndun skammvinnra loftslagsspilla mun ekki einungis hafa góð áhrif á loftslagið heldur einnig jákvæð áhrif á heilsu manna.

Áhrif sótlosunar á loftslagið ráðast af því hvar losunin á sér stað. Mun meiri líkur eru á því að sót safnist fyrir á hvítum breiðum norðurslóða, til að mynda á Norðurlöndum. Því er mikilvægt að Norðurlönd beini sérstaklega athygli að því hvernig hægt er

að draga úr losun bæði heima fyrir og með sameiginlegum aðgerðum. Væntanlega mætti stemma stigu við hraðri hlýnun á norðurslóðum ef Norðurlönd og önnur ríki næðu samkomulagi um aðgerðir gegn losun á sóti. Afla þarf frekari þekkingar á þessu sviði. Norðurlönd munu leggja áherslu á að vinna með skammvinnra loftslagsspilla auk þess að draga úr losun langlífra gróðurhúsalofttegunda á við koldíoxíð með það að markmiði að takmarka hlýnun í heiminum við tvö hitastig.

Skammvinnir loftslagsspillar á við sót og óson við yfirborð jarðar eru mengun sem veldur tjóni á heilsu fólks. Norðurlönd munu eiga samstarf við Umhverfisáætlun SP (UNEP), Norðurskautsráðið, einstök lönd og alþjóðastofnanir um aðgerðir til að draga úr magni loftslagsspilla með skamman líftíma í andrúmsloftinu. Hér er átt við losun á sóti, metani og forstigsefnum sem mynda óson við yfirborð jarðar. Takist að draga úr losun getur það haft skjót áhrif á andrúmsloftið og heilsu manna. Í anda yfirlýsingar ráðherranna á Svalbarða í mars 2012 munu Norðurlönd vinna saman að því að þróa og efla losunarbókhald í löndunum, draga úr losun skammvinnra loftslagsspilla og styðja viðeigandi alþjóðlegar aðgerðir.

Væntanlega mætti stemma stigu við hraðri hlýnun á norðurslóðum ef Norðurlönd og önnur ríki næðu samkomulagi um aðgerðir gegn losun á sóti.



▼ Forgangsmál:

- Auka þekkingu á áhrifum skammvinnra loftslagsspilla á loftslag, heilsu fólks og vistkerfi.
- Styðja við alþjóðastarf um skammvinna loftslagsspilla, m.a. í Norður-skautsráðinu og á vettvangi Samningsins um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.
- Fylgja eftir hnattrænni framkvæmdaáætlun Umhverfisáætlunar SP (UNEP) og ýmsum hnattrænum aðgerðum, þar á meðal verkefninu *Climate and Clean Air Coalition to Reduce Short Lived Climate Pollutants*.
- Próa og efla losunarbókhald og framkvæmdaáætlanir í löndunum og á svæðinu og greiða fyrir aðgerðum til að draga úr losun skammvinnra loftslagsspilla.
- Hrinda í framkvæmd hagkvæmum og samræmdum verkefnum gegnum Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO).



3. LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ OG ÞJÓNUSTA VISTKERFA

● Markmið:

Tækist hefur að stöðva hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Vistkerfin eru því öflug og veita áfram þá þjónustu sem nauðsynleg er fyrir velferð og verðmætasköpun.

Náttúra Norðurlanda, dýrategundir og náttúrugæðir á landi og í hafi, hefur verið og er enn undir álagi.

Breytingar á landnýtingu, iðnþróun, vinnsla hráefna, loftslagsbreytingar, innrás framandi tegunda, mengun og ósjálfbær nýting á lifandi auðlindum eru helstu ógnirnar sem steðja að. Ýmsir atvinnuvegir samfélagsins hafa mikil áhrif á náttúru og landslag, til að mynda samgöngur, orkuvinnsla, landbúnaður, skógrækt og sjávarútvegur.

Eigi jarðarbúar að lifa áfram og viðhalda velferð eru þeir háðir verðmætum og þjónustu náttúrunnar, svonefndri þjónustu vistkerfa. Í skýrslu TEEB-verkefnisins, *The Economics of Ecosystems and Biodiversity*, er lagt mat á hvernig hægt er að tengja höfuðstól náttúrunnar betur við þjóðhagsreikninga og þjóðarauð. Þannig fæst nýtt tæki og betri skilningur á mikilvægi vistkerfanna.

Líffræðileg fjölbreytni er skilgreind sem fjölbreytileiki allra lífvera, erfðavísa, tegunda og stofna, en einnig fjölbreytileiki vistkerfa og náttúrugæða. Ef fjölbreytnin minnkar

getur það haft áhrif á matvælaframboð og erfðauuðlindir. Líffræðileg fjölbreytni er mikilvæg forsenda þess að viðhalda megi framleiðni og starfsemi vistkerfa. Beita má vistfræðilegri stjórnun til viðhalds og viðgerða.

Vistfræðileg stjórnun á að tryggja varðveislu og sjálfbæra nýtingu á líffræðilegri fjölbreytni. Hún á að byggja á þekkingu og taka tillit til þarfa mannsins og áhrifa hans á vistkerfin. Friðhelgi, fjölbreytileika og framleiðslu vistkerfa ber að viðhalda til lengri tíma litið.

Verðmæti náttúrunnar, menningarumhverfi og möguleikar til útivistar eru mikilvæg fyrir upplifun og velferð mannsins. Einnig er nauðsynlegt að ýmsar aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og aðlagast loftslagsbreytingum taki tillit til vistkerfa, náttúru og menningarumhverfis.

Á tímum loftslagsbreytinga er mikilvægt að hafa í huga, einkum við stjórnun hafsvæða, skóga og votlendis, að sum vistkerfi þjóna sem kolefnageymsla.

Náttúra og menningarumhverfi eru auðlind fyrir samfélagsþróunina og því er það sameiginlegt viðfangsefni Norðurlandabjóða að stjórna náttúru og landsvæðum með það fyrir augum að standa vörð um þessi verðmæti.

Náttúra Norðurlanda, dýrategundir og náttúrugæðir á landi og í hafi, hefur verið og er enn undir álagi.



Norðurlönd starfa saman að þróun og innleiðingu alþjóðasamninga. Má í því tilliti einkum nefna Samning SP um líffræðilega fjölbreytni (CBD), Ramsarsamninginn um votlendi og Samninginn um verndun heimsmínja. Eystrasaltsríkin taka oft þátt í norrænu samstarfi einkum þegar um er að ræða erfðabreyttar lífverur þar sem Norðurlönd og Eystrasaltsríkin sameinast um að reyna að hafa áhrif á tilskipanir ESB. Í sambandi við framandi lífverur gegnir norrænt samstarf veigamiklu hlutverki við frekari þróun á hugmyndum ESB og Samningsins um líffræðilega fjölbreytni (CBD) einkum þess hluta sem fjallar um hvernig ná skuli settum markmiðum í umhverfismálum.

▼ Dæmi um nokkur lykilatriði til að ná ofangreindum markmiðum:

- eftirfylgni við Samninginn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, eftirfylgni við stefnumótun innan ramma hans, einkum hin 20 sameiginlegu undir-markmið til ársins 2020, kennd við Nagoya;
- sáttmálar og aðrir samningar um umhverfismál, samstarf við Norður-skautsráðið, Barentsráðið og ESB;
- alþjóðleg vísindanefnd á sviði líffræðilegrar fjölbreytni (Intergovernmental Panel on Biodiversity and Ecosystem Services – IPBES);
- Nagoya-bókunin um erfðaaauðlindir;
- úttektir *TEEB*-verkefnisins og svipuð tæki á Norðurlöndum;
- verkefni sem miða að því að styðja við og efla eftirfylgni við einstök atriði stefnumótunar í löndunum.

Norðurlönd starfa saman að þróun og innleiðingu alþjóðasamninga. Má í því tilliti einkum nefna Samning SP um líffræðilega fjölbreytni (CBD), Ramsarsamninginn um votlendi og Samninginn um verndun heimsmínja.

3.1 Vistkerfi á landi

● Markmið:

Norræn vistkerfi á landi eru í góðu ástandi. Skapast hefur gott jafnvægi milli náttúruverndar og sjálfbærrar nýtingar vistkerfa.

Reynslan sýnir að snúa má neikvæðri þróun við ef gripið er til rétttra forvarnaraðgerða. Mikilvægt er að herða róðurinn til að ná markmiðum í umhverfismálum og gæta umhverfissjónarmiða í landbúnaði, skógrækt og við annars konar nýtingu lands. Skipting búsvæða verður æ vandasamari, ekki síst til að stemma stigu við að erfðæfni berist milli svæða.

Mat og verðlagning á þjónustu vistkerfa verður að hafa forgang svo takast megi að sýna fram á verðmæti þeirra og auka þannig sjálfbærni. Endurheimt náttúrunnar gæti einnig átt þátt í að endurheimta þjónustu vistkerfa, til dæmis á votlendis-svæðum. Norðurlönd geta unnið saman að hugmyndum og safnað góðum dæmum um aðgerðir til að leggja fram á vettvangi umhverfissáttmálanna og í öðru alþjóðasamstarfi.

Fjölbreytni náttúrunnar á hálendi Norðurlanda og norðurhjara er afar viðkvæm. Loftslagsbreytingar hafa mikil áhrif á ýmsar náttúrugerðir á við freðmýrar og auka hættu á að sífrerinn þiðni. Framandi tegundir eru alvarleg ógn við líffræðilega fjölbreytni á

Norðurlöndum, ekki síst þegar þær eru samfara loftslagsbreytingum.

Norðurlönd munu vinna saman að markmiðum Samningsins um líffræðilega fjölbreytni (CBD) og tryggja þannig að stefnumótun ESB um líffræðilega fjölbreytni fram til ársins 2020 komi til framkvæmda á Norðurlöndum. Norðurlönd eiga einnig náið samstarf hvað varðar innleiðingu og þróun á Ramsarsamningnum, Samningnum um vernd heimsminja og Landslagssáttmála Evrópu. Svæðisbundin verkefni eru mikilvægt framlag og gegna lykilhlutverki í öllu faglegu starfi í anda sáttmálanna.

▼ Forgangsmál:

- Eiga þátt í að kortleggja og sýna fram á verðmæti líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfabjónustu á landi, á einstökum svæðum og í löndunum og leggja fram tillögur á alþjóðavettvangi, þar á meðal eftirfylgni við *TEEB*-úttektir.
- Halda áfram að þróa tæki sem hvetja til varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbærrar nýtingar hennar.
- Beita sér fyrir auknu samstarfi og miðlun upplýsinga um friðuð svæði og taka þátt í að byggja brýr milli náttúrusvæða og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni.
- Halda áfram samstarfi um að takmarka útbreiðslu á framandi og skaðlegum tegundum.
- Miðla upplýsingum og starfa saman um möguleika á sködduðum vistkerfum.

3.2 Útivist, landslag og menningarumhverfi

● Markmið:

Náttúran, menningarumhverfi og borgarumhverfi eru auðlindir sem stuðla að velferð, vellíðan og útivist almennings á Norðurlöndum.



Aðgengi að náttúru, menningarumhverfi og útivistarsvæðum í nágrenni þéttbýlis skiptir miklu máli fyrir lýðheilsu og velferð á Norðurlöndum.

munu vinna saman og miðla sín á milli upplýsingum um mikilvægi landslags, menningarminja og borgarumhverfis m.a. fyrir auðlindanýtni, loftslag og velferð.

Útivist og góðar upplifanir úti í náttúrunni og í menningarlandslagi efla einnig umhverfisvitund og skilning á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og menningarminja. Engu að síður takmarkast möguleikar á útivist vegna mannvirkja af ýmsu tagi og tilrauna til að takmarka almennaréttinn. Þörf er á hvetjandi aðgerðum til að fleiri geti notið gefandi útíllífs.

Stjórnin ber náttúru- og menningararfi Norðurlanda til velferðar og gagns fyrir núlifandi og komandi kynslóðir. Norðurlönd munu vinna saman að framkvæmd Samningsins um vernd heimsminja og Landslagssáttmála Evrópu og beina sjónum sérstaklega að náttúru og menningarlandslagi.

Mikilvægt er að skilgreina náttúru, menningarumhverfi og útivist sem auðlindir Norðurlandabúa. Norðurlönd

▼ Forgangsmál:

- Styðja og efla útivist sem heilbrigða, ánægjulega og umhverfisvæna iðju í nánasta umhverfi þéttbýlis eða úti í guðsgrænni náttúrunni.
- Eiga þátt í verðmætasköpun sem byggir á náttúru- og menningararfi.
- Sýna fram á mikilvægi menningarumhverfis í tengslum við þjónustu vistkerfanna.



3.3 Líffræðileg fjölbreytni og loftslagsbreytingar

● Markmið:

Loftslagssamningur SP á þátt í að markmiðum Samningsins um líffræðilega fjölbreytni er náð og gagnkvæmt.

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni (CBD) kveður skýrt á um hvernig vinna við líffræðilega fjölbreytni og loftslagsmál getur stutt við markmið beggja þessara



samninga. Í Nagoya samþykktu ríki heims markmið sem fela í sér að fyrir árið 2020 skuli löndin hafa tryggt öflugri vistkerfi en það mun auka getu þeirra til að varðveita kolefni. Markmiðinu verði náð með varðveislu og endurheimt vistkerfa og þannig verði hægt að draga úr loftslagsbreytingum, auðvelda aðlögun að loftslagsbreytingum og stöðva eyðimerkurmyndun.

Ákvarðanir um loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni í Samningnum um líffræðilega fjölbreytni (CBD) varða framlag vistkerfa til að sporna gegn loftslagsbreytingum og lágmarka áhrif þeirra með aðlögun. Norðurlönd eiga að vera forystusvæði við mat á viðfangsefnum sem snerta tengsl milli loftslags og líffræðilegrar fjölbreytni með því m.a. að greina og grípa til aðgerða sem fela í sér samlegðaráhrif. Í því sambandi ber einnig að skoða aðra samninga sem hafa augljós tengsl við Loftslagssamninginn og Samninginn um líffræðilega fjölbreytni, þar á meðal Ramsarsamninginn.

▼ Forgangsmál:

- Efla samlegðaráhrif milli Loftslagssamnings SP og Samnings SP um líffræðilega fjölbreytni.
- Auka framlag náttúruverndarsáttmála varðandi forvarnir gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.
- Auka þekkingu á hlutverki vistkerfa sem kolefnageymslu með það að markmiði að takmarka hlýnun og loftslagsbreytingar.

3.4 Lífríki hafsins

● Markmið:

Ástand lífríkis á hafsvæðum Norðurlanda er gott og byggir á vistkerfisstjórnun. Auðlindir hafsins eru nýttar á sjálfbæran hátt.

Vistkerfi hafsins gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki fyrir líf og velferð en vandi þeirra getur verið af ólíkum toga. Í Eystrasalti er ofauðgun eitt af vandamálunum og slyshætta fylgir ört vaxandi olíuflutningum. Á hafsvæðunum í vestri og norðri felst mikil áskorun í því að innviðir eru af skornum skammti og veðurfar óblítt. Aukin skipaumferð og olíuvinnsla auka hættu á olíuleka og alvarlegum slysum. Þörf er á almannavörnum sem sniðnar eru að slíkum aðstæðum. Kaupmannahafnarsamkomulagið gegnir þar mikilvægu hlutverki en því er ætlað að sporna gegn mengun í höfum vegna olíu eða annarra hættulegra efna. Eins má nefna alþjóðasamninga á vettvangi Norðurskautsráðsins. Í kjölfar aukinnar skipaumferðar og loftslagsbreytinga ógna æ fleiri framandi tegundir einnig vistfræðilegu jafnvægi í lífríki hafsins.

Viðfangsefni vegna nýtingar hafsins kalla á heildræna vistfræðilega stjórnun sem byggir á þverfaglegu skipulagi. Mat og verðlagning á vistkerfajónustu hafsins og skipulagi hafsvæða eru mikilvæg tæki til að tryggja sjálfbæra stjórnun á auðlindum hafsins og viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni



til lengri tíma litið. Norrænt samstarf er æskilegt til að bera saman reynslu og semja sameiginlegar grunnreglur um skipulag hafsvæða sem nýta má sem tæki í heildrænni vistfræðilegri stjórnun hafsins. Nauðsynlegt er að búa í haginn fyrir líffræðilega fjölbreytni með því að koma á vörnum á viðkvæmum svæðum. Einnig þarf að þróa aðferðir til að meta uppsöfnunaráhrif og óvissu varðandi áhrif af mannavöldum svo sem ofauðgun, eiturefni, loftslagsbreytingar og súrnun sjávar.

Úrgangur í hafi er gífurlegt vandamál á Norðurlöndum sem um heim allan. Þekkingu skortir á umfangi úrgangs í hafi og áhrifum hans á lífríki sjávar. Því þarf að auka þekkingu og þróa aðferðir sem gætu átt þátt í að draga úr úrgangi.

Þau Norðurlönd sem eiga aðild að ESB munu í samræmi við tilskipun ESB um málefni hafsins fram til ársins 2015 semja heildræna stefnumótun um málefni hafsvæða sinna með það að markmiði að ná góðu vistfræðilegu ástandi fyrir árið 2020. Á sama tíma eru Norðmenn komnir nokkuð áleiðis í því að þróa heildrænt stjórnskipulag fyrir sín hafsvæði. Þessar áætlanir eru að miklu leyti í anda stefnumótunar um málefni hafsvæða eins og tilskipunin kveður á um. Íslendingar vinna að verndun hafsvæða sinna í tengslum við svæðisbundið og alþjóðlegt samstarf.

Svæðisbundnir samningar um lífríki hafsins á borð við OSPAR og HELCOM verða samstarfsvettvangur um vistfræðilega stjórnun hafsvæða og þáttur í framkvæmd tilskipunar ESB um málefni hafsins. Enn ríður á að draga úr magni næringarefna sem berast í Eystrasalt en framkvæmdaáætlunin *Baltic Sea Action Plan* og Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) gegna mikilvægu hlutverki hvað þetta varðar.

Í samræmi við rammatilskipun ESB um vatn vinna Norðurlönd nú að gerð stjórnskipulags fyrir strandvatn og ferskt vatn.

▼ **Forgangsmál:**

- Styðja gerð samræmdrar, þverfaglegrar og vistfræðilegrar nálgunar á svæðinu við stjórnskipulag hafsins og lífríkis þess, þar á meðal svæðabundin stjórn tæki.
- Nýta alþjóðlegt samstarf til að draga úr hættu á umhverfisslysum vegna innrásar og útbreiðslu framandi tegunda.
- Efla þróunarstarf um mat og verðlagningu á vistkerfabjónustu hafsins.
- Auka þekkingu á orsökum og afleiðingum úrgangs í hafi í því skyni að draga úr losun.
- Styðja við framkvæmdaáætlunina *Baltic Sea Action Plan* og starf Norræna umhverfisfjármögnunarfélagsins (NEFCO) sem miðar að því að draga úr losun næringarsalta í Eystrasalt.

3.5 Súrnun sjávar

● Markmið:

Löndin hafa þróað og eftl þekkingu á áhrifum súrnunar sjávar á vistkerfi og lífrænar auðlindir.

Höfin taka við koldíoxíði og virka þannig eins og höggdeyfir í hinni hnattrænu hringrás kolefnis. Fyrir vikið takmarkast bæði magn koldíoxíðs í andrúmsloftinu og hnattræn hlýnun. Aukin upptaka koldíoxíð veldur súrnun og öðrum breytingum á efnafræðilegum og líffræðilegum ferlum í hafinu. Kalkmyndandi lífverur eiga í vandkvæðum með að mynda kalkskeljar. Kalt vatn tekur upp meiri koldíoxíð en heitt vatn og má því ætla að afleiðingar súrnunar verði alvarlegri á kaldari hafsvæðum. Til lengri tíma lítið má vænta þess að breytingar verði á uppbyggingu fæðukeðjunnar í hafinu.

Súrnun sjávar er mikil ógn við vistkerfi hafsins. Alþjóðlegar og svæðisbundnar rannsóknir eru gerðar, m.a. á vegum Norðurskautsráðsins. Þörf er á meiri þekkingu á áhrifum súrnunar á viðnámsþrek vistkerfanna og félags- og hagfræðilegum afleiðingum súrnunar sjávar.

Þörf er á meiri þekkingu á áhrifum súrnunar á viðnámsþrek vistkerfanna og félags- og hagfræðilegum afleiðingum súrnunar sjávar.



▼ Forgangsmál:

- Auka þekkingu á áhrifum súrnunar sjávar á lífríki hafsins, til dæmis á uppbyggingu og starfsemi fæðukeðjunnar og áhrifum á helstu tegundir.
- Eiga þátt í að þróa viðmið og líkön til nota við greiningar á afleiðingum af súrnun sjávar.
- Flýta fyrir þróun á félags- og hagfræðilegum greiningum á afleiðingum af súrnun sjávar.



Afleiddingar mengandi efna eru miklar á norðurslóðum en stór hluti rannsókna og verkefna á þessu sviði er unninn á vegum Norðurskautsráðsins.

4. EFNI SEM SKAÐA HEILSU OG UMHVERFI

● Markmið:

Tekist hefur að lágmarka skaðleg áhrif efna og efnasambanda á heilsu fólks og umhverfi í vöru, í losun og í úrgangi.

Efni og efnasambönd geta verið skaðleg heilsu manna og umhverfi. Efnin geta safnast saman í fæðukeðjunni og haft áhrif á heilsu fólks.

Mikilvægt er að auka þekkingu á hættulegum eiginleikum efnanna, útbreiðslu þeirra í umhverfinu og uppsprettum losunar. Draga verður úr losun efna sem eru skaðleg heilsu og umhverfi í framleiðslu, vörum og við meðhöndlun úrgangs. Aðrar ógnir við lýðheilsu eru loftmengun sem berst langar leiðir og uppsöfnun mengandi efna í fæðukeðju hafsins.

Þekkingu skortir á ýmsum efnasamböndum og áhrifum þeirra á heilsu manna og umhverfi. Brýnt er að afla þekkingar, einkum á nanóefnum, efnum sem hægt er að finna staðgönguefni fyrir, hormónatruflandi efnum og heildaráhrifum ýmissa efnasambanda, svonefndum samanlögðum áhrifum. REACH-reglugerð Evrópusambandsins herðir kröfur um að afla verði þekkingar á þessum sviðum. Samstarf um eftirlit er nauðsynlegt ef takast á að uppfylla kröfur efnalöggjafarinnar. Norrænt samstarf á einnig að stuðla að betra aðgengi að upplýsingum um efni og efnasambönd.

Mikilvægt er að stofnanir á sviði umhverfismála og neytendamála og samtök atvinnuveganna á Norðurlöndum taki höndum saman um að vinna að þessum málum. Norrænt samstarf um efni og efnasambönd á að stuðla að því að reglur um efni sem eru skaðleg heilsu og umhverfi sé að finna í efnalöggjöf ESB/EES, þar á meðal REACH (reglugerð EB um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni), sæfiefna- og varnarefnareglugerðum sem og svæðisbundnum og hnattrænum samningum. Reynsla Norðurlanda og framlag þeirra í alþjóðasamstarfi um efni og efnasambönd veitir traustan grunn fyrir frekara starf að þeim efnasamningum sem fyrir eru. Má þar m.a. nefna stefnumótun SP um sjálfbæra stjórnun á efni og efnavörum (SAICM) og gerð alþjóðasamnings um kvikasilfur. Þá ber Norðurlöndum að taka þátt í að skapa betra alþjóðlegt fyrirkomulag til að stjórna efnum sem ekki er fjallað um í þessum samningum.

Þekking á mengandi efnum á norðurhvara er hernaðarlega mikilvæg sem og samstarf við Norðurskautsráðið. Afleiðingar mengandi efna eru miklar á norðurslóðum en stór hluti rannsókna og verkefna á þessu sviði er unninn á vegum Norðurskautsráðsins. Norræna ráðherranefndin styður starfið í verki. Til að tryggja græna og sjálfbæra samfélagsþróun verður atvinnulífið hvatt til að leggja meira af mörkum til að finna staðgönguefni fyrir hættuleg efni. Í því felst betri skilningur á þörfinni fyrir staðgönguefni, þar á meðal skilningur á eiginleikum annarra efna, öðrum framleiðsluaðferðum og umhverfistækni.



▼ Forgangsmál:

- Fyrirbyggja og draga úr losun hættulegra efna á við kvikasilfur og þrávirk lífræn efni milli landa í samstarfi við Norður-skautsráðið.
- Bera kennsl á ný efni í umhverfinu sem eru skaðleg heilsu og umhverfi með kerfisbundnum skimunaráætlunum, m.a. á norðurslóðum.
- Eiga þátt í að leggja síðustu hönd á hnattrænan samning um að draga úr notkun kvikasilfurs, innleiða samninginn og fylgja honum eftir.
- Vinna áfram að samningum um efni, efnasambönd og úrgang og eiga þátt í að skapa betra alþjóðlegt fyrirkomulag til að hafa stjórn á efnum sem ekki er fjallað um í þeim samningum sem fyrir eru.
- Hafa áhrif á og vinna saman að gerð og framkvæmd efnalöggjafar ESB/EES, þar á meðal REACH en einnig að flokkun og merkingum (CLP), sæfiefnum og varnarefnum og eftirlitsstarfi.
- Beita sér í starfi með hormónatruflandi

efni hjá ESB og Efnahags- og framfarastofnuninni.

- Taka þátt í að efla varnir gegn hættu sem stafar af notkun nanóefna.
- Skapa og miðla þekkingu um notkun og meðhöndlun hættulegra efna og beita sér fyrir reglum sem stuðla að bættri upplýsingagjöf um hættuleg efni í afurðum og vöru.
- Beita sér fyrir því að í áhættumati verði litið til samanlagðra áhrifa efna og efnasambanda.
- Kortleggja og þróa áfram viðmið fyrir hættuleg efni á norrænum hafsvæðum.
- Eiga þátt í að þróa alþjóðlegar og samræmdar prófunaraðferðir.

Til að tryggja græna og sjálfbæra samfélagsþróun verður atvinnulífið hvatt til að leggja meira af mörkum til að finna staðgönguefni fyrir hættuleg efni.



FRAMKVÆMD OG ÁBYRGÐ

Norrænu umhverfisráðherrarnir (MR-M) bera pólitíska ábyrgð á norrænu samstarfi um umhverfismál. Embættismannanefnd ráðherranna um umhverfismál (EK-M) hefur umsjón með framgangi framkvæmdaáætlunar um umhverfismál. Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar sér um að samræma samstarfið í samráði við formennskulandið á hverjum tíma og hin ríkin, að Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi meðtöldum.

Norrænt samstarf um umhverfismál byggir einnig á góðu tengslaneti milli landanna, milli sérfræðinga, stjórnvalda, rannsóknasamfélagsins, atvinnulífs og stjórnmálamanna.

Framkvæmd áætlunar um umhverfismál felst einkum í verkefnum vinnuhópa. Þar getur verið um að ræða greiningar, úttektir, málþing og málstofur með aðkomu norrænna sérfræðinga. Gerð er krafa um að eigi færri en þrjú lönd taki þátt í verkefnum og að samstarfið feli í sér virðisauka og norræna nytsemi.

Sérfræðingar í starfshópum á umhverfis sviði eru fulltrúar sjónarmiða lands síns. Í hverjum vinnuhópi er einn starfsmaður hópsins og formaður. Þeir eru staðsettir í stjórnsýslustofnunum á vegum umhverfisyrvalda í einhverju Norðurlandanna. Starfshóparnir ábyrgjast að samskipti séu markviss og að árangur verkefnanna sé sýnilegur.

Starfshóparnir eiga með sér þverfaglegt samstarf þegar það greiðir fyrir samþættingu umhverfissjónarmiða á öðrum sviðum og stuðlar að mikilvægum samlegðaráhrifum, norrænni nytsemi og virðisauka.

Breytingar á fjárlögum geta haft áhrif á framkvæmd framkvæmdaáætlunarinnar í umhverfismálum.


Framkvæmdaáætlun um umhverfismál verður metin að þremur árum liðnum og þá tekin ákvörðun um hvort tilefni sé til breytinga.



SKAMMSTAFANIR

BAT	Besta fáanleg tækni
CBD	Samningur um líffræðilega fjölbreytni
CLP	Flokkun, merking og umbúðir efna og efnablandna
CSR	Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja
EcoAP	Framkvæmdaáætlun ESB um vistvæna nýsköpun
ESB/EES	Evrópusambandið/ Evrópska efnahagssvæðið
ETAP	Framkvæmdaáætlun ESB um umhverfistækni
HAV	Vinnuhópur um málefni hafsins (MR-M)
HELCOM	Helsinki-samningur um vernd Eystrasaltsins
HKP	Vinnuhópur um sjálfbæra neyslu og framleiðslu
IED	Tilskipun um losun frá iðnaði
IMO	Alþjóðasiglingamálastofnunin
KoL	Vinnuhópur um loftslagsmál (MR-M)
LRTAP	Genfarsamningurinn um loftmengun sem berst langar leiðir
MEG	Vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál (MR-M)
NAG	Norræni úrgangshópurinn (MR-M)
NEFCO	Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið
NKG	Norræni efnahópurinn (MR-M)
NOAK	Norræni vinnuhópurinn um alþjóðlegar loftslagsviðræður (MR-M)
OECD	Efnahags- og framfarastofnunin
OSPAR	Samningur um verndun NA-Atlantshafsins
POPs	Þrávirk lífræn efni
RAMSAR	Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf
REACH	Reglugerð EB um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni
SAICM	Alþjóðleg stefnumótun um meðhöndlun efna og efnavöru
SWIPA	Verkefni um snjó, vatn, ís og sífrera á norðurslóðum
SP	Sameinuðu þjóðirnar
TEEB	Verkefni um hagfræði vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni
TEG	Vinnuhópur um lifandi auðlindir (MR-M)
UNEP	Umhverfisáætlun SP
WHO	Alþjóðaheilbrigðisstofnunin
AU	Vinnuhópur embættismannanefndar um umhverfismál
EK-M	Embættismannanefndin um umhverfismál
MR-M	Norræna ráðherranefndin um umhverfismál

SKIPURIT



AU	Vinnuhópur embættismannanefndar um umhverfismál
EK-M	Embættismannanefndin um umhverfismál
HAV	Vinnuhópur um málefni hafsins
HKP	Vinnuhópur um sjálfbæra neyslu og framleiðslu
KoL	Vinnuhópur um loftslagsmál
MEG	Vinnuhópur um umhverfis- og efnahagsmál
MR-M	Norræna ráðherranefndin um umhverfismál
NAG	Norræni úrgangshópurinn
NEFCO	Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið
NKG	Norræni efnahópurinn
NMRS	Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar
NOAK	Norræni vinnuhópurinn um alþjóðlegar loftslagsviðræður
Svanurinn	Opinbera norræna umhverfismerkið
TEG	Vinnuhópur um lifandi auðlindir



norden

Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18
DK-1061 København K
www.norden.org

Norræn framkvæmdaáætlun í umhverfismálum 2013–2018

Á síðustu 40 árum hafa Norðurlönd náð verulegum árangri í samstarfi um umhverfismál. Tekist hefur að vefa hagvöxt og þróun velferðar saman við metnaðarfulla umhverfisstefnu og stuðla þannig að bættu umhverfi á Norðurlöndum og víðar um heim.

Sjálfbær neysla og framleiðsla, umhverfisvæn tækni og grænn hagvöxtur í samstarfi við önnur svið, þar á meðal atvinnulíf og alþjóðastofnanir, munu verða mikilvæg viðfangsefni í norrænu samstarfi á komandi árum. Einnig verður lögð áhersla á að fylgja eftir ráðstefnu SP um sjálfbæra þróun, Ríó+20.

ISBN 978-92-893-2469-4
ANP 2012:764